

Nd. **264. Frumvarp til laga** [129. mál]
um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason,
Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan framleiðir eftirtalin áburðarefni: ammoniak, ammoníum-nítrat, ammoníum-fosfat og önnur áburðarefni, eftir því sem henta þykir.

Framleiðslunni skal hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenska jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum réttindum og eignum, skuldum og ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og kemur að öllu leyti í hennar stað. Leggur ríkissjóður áburðarverksmiðjunni til sem stofnfé hreina eign hlutafélagsins áburðarverksmiðjunnar, enda innleysir ríkissjóður hlutabréf þess samkvæmt 13.—17. gr. þessara laga. Hættir þá Áburðarverksmiðjan h/f að vera til sem sjálfstæð stofnun, en rennur inn í áburðarverksmiðju ríkisins, er tekur samkvæmt framansögðu við starfsemi hlutafélagsins og hlutverki.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til greiðslu á stofnkostnaði og byggingarframkvæmdum áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er það fé óafturkræft. Ef fjárveitingar á fjárlögum hrökkva ekki til greiðslu stofnkostnaðar og byggingarframkvæmda verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka fé það, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

5. gr.

Stjórn áburðarverksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar undir yfirumsjón landbúnaðarráðherra. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnar- nefndarmanna.

7. gr.

Endurskoðendur áburðarverksmiðjunnar eru þrír, tveir kjörnir með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn, en hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra til sama tíma eftir tilnefningu búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun endurskoðenda, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarverksmiðjan selur áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórnin áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: a) Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. b) Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikninga skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur tilnefnið. Skipar hæstiréttur einn þessara formann, er vera skal lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja. Falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kaupverð bréfanna.

18. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, hættir Áburðarverksmiðjan h/f að starfa, en áburðarverksmiðja ríkisins tekur þá við starfsemi hlutafélagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum, hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til áburðarverksmiðjunnar. Kemur hún eftir það í öllum greinum í stað Áburðarverksmiðjunnar h/f.

19. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h/f skulu renna til áburðarverk-smiðjunnar.

21. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949 og lög nr. 47 21. apríl 1962.

Greinargerð.

Samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, hefur áburðarverksmiðjan í Gufunesi verið rekin sem hlutafélag. Við undirbúning þeirra laga og í frv. að þeim var þó gert ráð fyrir, að verksmiðjan væri sjálf-eignarstofnun á vegum ríkisins, sem ríkið eitt legði fram og útvegaði fé til. Í öllum þeim umræðum, sem fram höfðu farið, virðast allir hafa gert ráð fyrir, að verk-smiðjan yrði ríkisfyrirtæki.

Það var ekki fyrr en á síðasta stigi málsins á Alþingi, að fram var lögð tillaga um, að ríkisstjórninni væri heimilað að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar. Eins og frá lögunum var gengið, skyldi ríkissjóður leggja fram það, sem á vantaði, að hlutafé yrði 10 millj. kr., ef framlög einstaklinga og félaga næmu a. m. k. 4 millj. kr.

Ljóst er af þeim umræðum, sem fram fóru á Alþingi á sínum tíma, að fyrir þeim, sem að þessari tillögu stóðu, vakti tvennt: annars vegar vantrú á ríkisfyrirtækjum og sú skoðun, að verksmiðjunni yrði betur stjórnað, ef þar kæmu til mienn, sem ættu einkahagsmuna að gæta, og hins vegar, að með þessu móti væri verulegum fjárhagsbyrðum létt af ríkissjóði, með því að gert var ráð fyrir, að allt að fjórð-ungur stofnkostnaðar yrði lagður fram af öðrum en ríkinu. Stofnkostnaður var þá áætlaður um 40 millj. kr.

Um hvorugt þessara atriða varð tillögumönnum að von sinni. Þetta fyrirkomu-lag létti ekki fjárhagsbyrðar ríkissjóðs að neinu ráði. Stofnkostnaður verksmiðjunnar mun hafa orðið um 130 millj. kr. og með síðari viðbótum kominn yfir 200 milljónir. Í hlutafé söfnuðust aðeins 4 millj. kr. frá öðrum en ríkinu, en að öðru leyti hefur ríkið lagt fram eða útvegað fé til verksmiðjunnar, en allt þetta fé greiða svo notendur áburðarins í gegnum verðlagningu hans. Framlag annarra hluthafa en ríkisins virðist því næsta lítið til að réttlæta hlutdeild þeirra í verksmiðjunni.

Flm. þessa frv. telja ríkisrekstur hvorki æskilegt né eftirsóknarvert rekstrar-form í sjálfu sér, þar sem öðru verður með eðlilegum hætti við komið. Á hinn bóginn er markaður okkar þjóðfélags svo lítill, að stórfyrirtæki, sem framleiðir fyrir inn-lendan markað, hlýtur oftast að sitja að honum eitt án alls aðhalds af eðlilegri sam-keppni. Slíkt fyrirtæki nýtur því algerrar einokunaraðstöðu, sem ekki er eðlilegt að sé í höndum annarra en ríkisheildarinnar, allra sízt eftir að því hefur verið falið að sjá um alla áburðarsöluna, eins og verið hefur undanfarið.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir fyrst og fremst áburð fyrir innlendan markað, og innflutningur áburðar er takmarkaður við það magn, sem verksmiðjan annar ekki að framleiða, og þær tegundir, sem hún framleiðir ekki. Þannig nýtur verksmiðjan algerrar einkaaðstöðu á áburðarmarkaðinum í landinu.

Með tilliti til þessa telja flm. það fyrirkomulag, sem nú er á rekstri áburðarverk-smiðjunnar, alveg óeðlilegt, og það er skoðun þeirra, að tímabært sé, að ríkið leysi til sín hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki rekstur hennar að fullu í sínar hendur, og miðar frv. þetta að því.

Gert er ráð fyrir því í frv. að setja á stofn áburðarverksmiðju ríkisins sem sjálfstæða stofnun í eigu ríkisins, sem lúti sérstakri stjórn, sem kosin sé af Alþingi. Áburðarverksmiðja ríkisins taki við öllum eignum og réttindum, skuldum og

ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og komi að öllu leyti í hennar stað. Hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í eigu annarra en ríkisins, skulu tekin eignarnámi samkvæmt mati þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir.